

AUGLÝSING

um endurskoðað deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð á Flötum í Garðabæ sem leysir eldra deiliskipulag af hólmi.

Deiliskipulag Flata.

Deiliskipulagssvæðið nær utan um allar íbúðagötur á Flötum. Það eru Garðaflöt, Stekkjarflöt, Smáraflöt, Lindarflöt, Hagaföt, Tjarnarflöt, Bakkaflöt, Móaföt, Markarflöt, Sunnuflöt og Brúarflöt.

Svæðið afmarkast við lóðarmörk við Stekkjarflöt til norðvesturs, við Vífilsstaðaveg til norðausturs, við lóðamörk Sunnuflatar 45 og 48 að opnu svæði til austurs og lóðamörk að útvistarsvæði til suðurs og suðvesturs.

Aðkoma að Flatahverfi er frá Vífilsstaðavegi. Í hverfinu eru 278 einbýlishús og 31 íbúð í raðhúsum. Samtals eru 309 íbúðir í hverfinu.

Helstu nýmæli deiliskipulagsins frá eldra skipulagi eru þær að breytingar verða á byggingarreitum margra íbúðarhúslóða og skilgreint er nýtingarhlutfall fyrir allar lóðir.

Skipulag Garðaflatar 16-18 er óbreytt frá eldra skipulagi.

Gert er ráð fyrir hljóðvörnum meðfram Vífilsstaðavegi.

Deiliskipulagið leysir af hólmi deiliskipulag sem samþykkt var í júlí 1961.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Flata sem samþykkt var í júlí 1961 fellur hér með úr gildi.

Garðabæ, 20. apríl 2011.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.